

Selfossi 25 september 2019

FYRIRSPURN TIL BÆJARRÁÐS ÁRBORGAR VEGNA BÓKASAFNSINS Á SELFOSSI:

Til nokkurra ára hefur verið rætt um sameiningu móttöku og afgreiðslu fyrir ráðhúsið, bókasafnið og upplýsingamiðstöð ferðamála. Rætt hefur verið um að sameina mætti þessar móttökur/afgreiðslur á jarðhæð ráðhússins við innkomuna í bókasafnið. Mér leikur forvitni á að fá svör við nokkrum spurningum er varða framkvæmdir í okkar menningarsetri sem samfélagið í bókasafninu á Selfossi er og hefur styrkt sig á umliðnum árum sem bókasafn, samfélags og menningarmiðstöð í hjarta bæjarins. Mér finnst það fremur erfitt upp á að horfa að hafa bókasafnið lokað við skólabyrjun þegar líf allra íbúa er að komast í fastar skorður og gildi bókasafnsins og þeirrar starfsemi sem þar er. Auðvitað er ekki alltaf hægt að velja sér tímasetningar en ljóst má vera að þessi tímasetning hlýtur að vera ákaflega óheppileg og hefði maður haldið að ef að verkið hefði verið vel ígrundað og undirbúið að þá hefði sumarleyfistími starfsmanna og notenda safnsins verið lang heppilegastur til lokunar.

1. Hvenær var ákveðið að fara í endurbætur á jarðhæð ráðhússins í bókasafninu?
2. Hvenær eða hvort voru þessar umbætur á bókasafninu teknar fyrir í bæjarkerfinu?
3. Liggur fyrir framkvæmda og fjárhagsáætlun um verkið og hvar var það lagt fyrir?
4. Hvenær lýkur verkinu og hvað mun það kosta?
5. Hefur verkið, kynningin á verkinu og framkvæmdir allar verið unnar í nánú samstarfi við til dæmis héraðsskjalasafn
Árnessýslu sem er með mikilvæga starfsemi á jarðhæðinni og auðvitað starfsmenn og viðskiptavini safnsins?

Kveðja
Kjartan Björnsson, D-lista